

Grundarfjarðarbær  
Sigurbjartur Loftsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Grundargötu 30  
350 Grundarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. janúar 2015  
Tilvísun: UST20150100025/ksj

### Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003 - 2015, aðveitustöð.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grundarfjarðarbæjar er barst 30. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003 - 2015, aðveitustöð.

Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting er innan þéttbýlishluta ofangreinds aðalskipulags og felur í sér breytingar á raforkuvirkjum og mörkum á vatnsverndarsvæði.

#### Raforkuvirki

Tillaga að áætlaðri aðalskipulagsbreytingu felur í sér að núverandi tengivirki sem er staðsett sunnan Íþróttahúss verður lagt af og breytist svæðið úr iðnaðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota, fyrir útivist og ferðaþjónustu. Ný aðveitustöð verður byggð ofan við iðnaðarhverfi vestan Kvernár, það svæði breytist úr óbyggðu svæði í iðnaðarsvæði. Einnig er gert ráð fyrir því að loftlína frá núverandi tengivirki að nýju aðveitustöðinni verði lögð af og í staðinn verði nýr jarðstrengur 66 kV, lagður meðfram reiðvegi er liggur um svæðið.

Umhverfisstofnun bendir á að rauð brotalína er sýnir svæði til skoðunar liggur að bakka Kvernár, og skv. gr. 5.3.2.14. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, skal skipulagi við ár, sjó og vötn háttáð þannig:

*"Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almennigur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m."*

#### Vatnsverndarsvæði

Í ofangreindri breytingartillögu er áætlað að endurskoða mörk vatnsverndarsvæðis innan þéttbýlishluta aðalskipulagsins. Gert er ráð fyrir að breyta skilgreiningu vatnsverndarsvæðis innan þéttbýlisuppráttar til samræmis við endurskoðun sem gerð var árið 2006. Fyrri afmörkun svæðisins náði yfir vatnasvið Kvernár og Grundarár. Vatnasvið Kvernár er fellt út

við enduskoðuðun vatnsverndar og tekur nú aðeins til vatnasviðs Grundár. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við lýsingu á breytingu á mörkum vatnsverndarsvæðis.

Virðingarfyllt

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur